

Nd.

839. Frumvarp til laga

[268. mál]

um breyting á hafnalögum, nr. 45 frá 24. apríl 1973.

(Eftir 2. umr. í Nd., 14. maí.)

1. gr.

Á eftir 12. gr. laganna komi ný grein, er verði 13. gr., svo hljóðandi, enda breytist töluröð annarra greina í samræmi við það:

Vörugjald af vörum, sem umskipað er, útskipað eða uppskipað utan löggiltra hafnarsvæða, þar á meðal sjávarafla, skal ríkissjóður innheimta í samræmi við gjaldskrá næstu hafnar og skal gjaldið renna í Hafnabótasjóð.

Ákvæði þessarar greinar ná ekki til skipa undir 30 brúttórúmllestum að stærð, þegar um sjávarafla er að ræða.

2. gr.

Núverandi 20. gr. orðist svo:

Tekjur til Hafnabótasjóðs eru þessar:

1. Árlegt framlag ríkissjóðs, sem sé 12% af framlagi til hafnarmannvirkja og lendingarbóta á fjárlögum hvers árs, en þó aldrei lægra en 30 millj. kr.
2. Vöru- og aflagjald af vörum og afla, sem losað er utan hafnarsvæða, sbr. 13. gr.
3. Tekjur af starfsemi sjóðsins.

3. gr.

Núverandi 21. gr. 1. mgr. orðist svo:

Hafnabótasjóði er heimilt að taka lán til starfsemi sinnar innanlands eða utan allt að 750 millj. króna. Ríkissjóði skal heimilt að ábyrgjast þau lán.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.